

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Margrétar Frimannsdóttur um úttektir á ríkisstofnunum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar úttektir á starfsemi ríkisstofnana hafa verið unnar á vegum ríkisstjórnar, einstakra ráðuneyta eða nefnda á vegum þeirra frá og með árinu 2000? Í svarinu óskast hver úttekt eða skýrsla tilgreind eftir ári og stofnun eða ráðuneyti.*
2. *Hvaða aðilar voru fengnir til að vinna úttektirnar? Í svarinu óskast hver úttekt eða skýrsla tilgreind eftir stofnun eða ráðuneyti.*
3. *Hver var kostnaðurinn við hvert þessara verkefna?*

Leitað hefur verið upplýsinga hjá öllum ráðuneytum varðandi úttektir á ríkisstofnunum á þeirra vegum. Fjárhæðir og upplýsingar um fjölda úttekta og framkvæmd þeirra í svari þessu eru byggðar á gögnum frá viðkomandi ráðuneytum ásamt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun. Litið er svo á að rétt sé að sleppa hefðbundnum úttektum eða skýrslum sem teljast eðlilegur hluti af reglubundinni starfsemi og fjárhagsendurskoðun.

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytin hafa látið í té voru gerðar alls 53 úttektir á ríkisstofnunum á vegum þeirra árin 2000–2004. Því til viðbótar gerði Ríkisendurskoðun 44 úttektir á ríkisstofnunum, þar af var skýrslubeiðandi annar en Ríkisendurskoðun í 14 tilvikum. Eftirfarandi eru svör einstakra ráðuneyta ásamt samantekt Ríkisendurskoðunar en stofnunin tók saman yfirlit um skýrslur og úttektir á sviði stjórnsýsluendurskoðunar og hagsýslu ýmiss konar á umræddu tímabili. Í fylgiskjali I má finna samantekt á svörum ráðuneyta á töfluformi.

Forsætisráðuneyti.

Þrjár úttektir voru unnar á vegum forsætisráðuneytisins á árunum 2000–2004.

Árið 2001 skipaði forsætisráðherra samstarfshóp til að undirbúa tilfærslu verkefna Þjóðhagsstofnunar til annarra stofnana og skoða endurskipulagningu breyttrar verkaskiptingar stofnana ríkisins á sviði efnahagsmála. Hópin skipuðu fulltrúar fjármálaráðuneytisins, Þjóðhagsstofnunar, Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands og starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins var formaður hópsins. Samstarfshópurinn skilaði álit til ráðherra í mars 2002. Engin þóknun var greidd fyrir þetta starf.

Árið 2002 lét forsætisráðuneytið gera úttekt á verkefninu um íslenska upplýsingasamfélagið. Meðal helstu atriða sem litið var til í úttektinni voru eftirfarandi:

Hvernig hefur tekist við að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í stefnunni um upplýsingasamfélagið?

Hvernig hefur það fé sem veitt hefur verið til upplýsingatækniverkefna nýst?

Hvernig hefur verkefnisstjórnin og einstök ráðuneyti staðið sig við framkvæmd stefnunnar?

Hvernig hefur tekist til með samráð við ólíka aðila?

Ísland í samanburði við önnur lönd, samanburður á tölfræðigögnum.

Hvernig hefur það skipulag sem viðhaft hefur verið reynst?

Úttektina framkvæmdi PWC Consulting og nam kostnaður 3.217.030 kr.

Forsætisráðherra skipaði árið 2004 starfshóp sem var ætlað að kanna mögulega samþættingu eða sameiningu matvælarannsóknna í eina stofnun eða fyrirtæki. Starfshópurinn lagði til að sem mest af matvælarannsóknnum á Íslandi yrðu stundaðar hjá einni matvælarannsóknastofnun í nánu samstarfi og samþættingu við menntun í fagskólum og á háskólastigi, svo og við atvinnufyrirtæki. Sjávarútvegsráðherra, menntamálaráðherra, landbúnaðarráðherra og iðnaðarráðherra tilnefndu fulltrúa í hópinn sem var undir forystu Þorkels Sigurlaugssonar. Kostnaður við starfshópinn nam alls 200.000 kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hefur verið unnið að ýmsum úttektum, má þar m.a. nefna reglulegar embættisúttektir í kjölfar sýslumannaskipta. Einnig hefur verið unnið að úttektum á eintökum stofnunum. Frá og með árinu 2000 hefur á vegum ráðuneytisins verið unnið að eftirfarandi úttektum:

Ár	Embætti	Eðli úttektar	Úttektaraðili	Kostnaður
2000	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	Ráðuneytið ásamt starfsmönnum ríkislögreglustjóra	Ótilgreindur
2000	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	Stjórnunar	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
2000	Útlendingastofnun	Stjórnunar og fjárhagsleg	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	Ótilgreindur
2000	Sýslumannsembættin í Borgarnesi, Búðardal, Vík og Keflavík, á Stykkishólmi, Sauðárkróki, Höfn, Hvolsvelli og Selfossi	Hagkvæmnisúttekt	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
2001	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	Ráðuneytið ásamt starfsmönnum ríkislögreglustjóra	Ótilgreindur
2001	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Athugun	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
2001	Landhelgisgæslan	Stjórnunar og fjárhagsleg	Nefnd	Ótilgreindur
2002	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	Fjárhagsleg	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
2002	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	IBM Consulting ehf.	604.247
2003	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	Athugun	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
2003	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Stjórnunar og fjárhagsleg	Stjórnunarráðgjöf ehf.	484.750
2003	Héraðsdómstólar	Fjárhagsleg	Jón Magnússon	323.700
2004	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
2004	Landhelgisgæslan	Stjórnunar og fjárhagsleg	Starfshópur skipaður af dómsmálaráðherra	1.915.772

Félagsmálaráðuneyti.

Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneyti lét ráðuneytið gera eina úttekt á umræddu tímabili. Í byrjun árs 2003 skipaði félagsmálaráðherra vinnuhóp til að gera úttekt á rekstri og starfsemi Svæðisskrifstofu fatlaðra í Reykjavík, auk þess að hefja vinnu við endurskoðun á málefnum fatlaðra á landsvísi. Skýrsla vinnuhópsins lá fyrir um mitt ár 2004.

Í vinnuhópnum sátu Þór G. Þórarinnsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, Björn Arnar Magnússon, deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti, og Jón Heiðar Ríkharðsson, verkfræðingur og MBA. Björn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofunnar, starfaði með hópnum. Meginhluta greiningarvinnu og úttektar á svæðisskrifstofunni vann Jón Heiðar Ríkharðsson.

Kostnaður við þann hluta verkefnisins sem varðaði svæðisskrifstofuna beint nam um 2.000.000 kr.

Fjármálaráðuneyti.

Fjármálaráðuneytið lét gera eina úttekt á starfsemi ríkisstofnunar sem undir ráðuneytið heyrir á þessu tímabili. Var þar um að ræða embætti ríkisskattstjóra á árinu 2003. Ráðgjafafyrirtækið IMG Deloitte var fengið til þess að gera úttekt á rekstrarkostnaði embættisins annars vegar og greina verkefni þess hins vegar. Heildarkostnaður við þetta verkefni nam 1.705.650 kr. með virðisaukaskatti. Verkefnið stóð yfir allt árið 2003.

Hagstofa Íslands.

Engri úttekt er til að dreifa hvað snertir Hagstofu Íslands enda hefur Hagstofan engar undirstofnanir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Í eftirfarandi yfirliti koma fram þær úttektir á starfsemi stofnana heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem gerðar voru á tímabilinu 2000–2004, hverjir unnu að þeim og hvað var greitt fyrir þær.

Ár	Stofnun	Verktaki	Kostnaður, þús. kr.
2000	Landlæknisembættið	PriceWaterhouseCoopers	1.984
2000	Heyrnar- og talmeinstöð	Ráðgarður hf.	124
2001	Landlæknisembættið	PriceWaterhouseCoopers	3.269
2001	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Guðlaug Björnsdóttir viðskiptafræðingur	669
2002	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Guðlaug Björnsdóttir viðskiptafræðingur	603
2004	Sólvangur, Hafnarfirði	Pétur Jónsson viðskiptafræðingur	1.361

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Eftirfarandi úttektir voru unnar á vegum ráðuneytisins á árunum 2000–2004:

Árið 2001 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að yfirlita skipulag Orkustofnunar. Formaður nefndarinnar var Páll Hreinsson lögfræðingur, en auk hans áttu sæti í nefndinni starfsmenn ráðuneytisins og Orkustofnunar. Kostnaður vegna nefndarinnar nam 55.000 kr.

Árið 2003 voru Ágúst Þór Jónsson verkfræðingur og Tryggvi Axelsson, settur forstjóri Löggildingarstofu, fengnir til að vinna úttekt á stofnuninni. Kostnaður við verkefnið nam 715.000 kr.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði starfshóp árið 2004 til að gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag tæknirannsókna. Niðurstaða starfshópsins er að efling tæknirannsókna byggist á sameiningu Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Starfshópurinn var undir forystu Sveins Þorgrímssonar, skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneyti. Enginn kostnaður féll til, utan fasts launakostnaðar.

Landbúnaðarráðuneyti.

Landbúnaðarráðuneytið lét gera eftirfarandi úttektir á ríkisstofnunum á tímabilinu 2000–2004:

Skógrækt ríkisins.

Skýrsla, dags. 26. júní 2000, um rekstur Skógræktar ríkisins. Skýrslan var unnin af Ólafi Friðrikssyni landbúnaðarráðuneyti og Jóni Magnússyni fjármálaráðuneyti. Enginn beinn kostnaður var við vinnslu skýrslunnar, utan fasts launakostnaðar.

Hólaskóli.

Úttekt, dags. 10. júlí 2002, um skil á virðisaukaskatti og almenn fjárhagsmálefni Hólaskóla. Eftirtaldir aðilar unnu að gerð úttektarinnar: Ingimar Jóhannsson landbúnaðarráðuneyti, Jón Magnússon fjármálaráðuneyti og Skúli Skúlason Hólaskóla. Enginn beinn kostnaður var við úttektina, utan fasts launakostnaðar.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.

Skýrsla, dags. 1. febrúar 2002, um breytt skipulag Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Skýrslan var unnin af PricewaterhouseCoopers. Kostnaður við gerð hennar var 1.367.000 kr.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.

Skýrsla, dags. 1. júní 2003, um rekstrarumhverfi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Skýrsla unnin af Jóni Magnússyni fjármálaráðuneyti, Ingimar Jóhannssyni og Hákonni Sigurgrímssyni landbúnaðarráðuneyti og Magnúsi B. Jónssyni rektor LBH. Enginn beinn kostnaður var við vinnslu skýrslunnar, utan fasts launakostnaðar.

Menntamálaráðuneyti.

Menntamálaráðuneytið lét gera eftirfarandi úttektir á ríkisstofnunum á tímabilinu 2000–2004:

Skrifstofa menntamála – Háskólastig.

Árið 2000.

Úttekt á íslenskukennslu á vegum Stofnunar Sigurðar Norðdals. Úttektina önnuðust Guðmundur Hálfánarson, prófessor við Háskóla Íslands, og Þorleifur Hauksson. Kostnaður var 473.376 kr.

Árið 2001.

Úttekt á hjúkrunarfræðimenntun við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Formaður matshópsins var Carolyn F. Waltz, deildarforseti Academic Affairs, University of Maryland. Aðrir sem sæti áttu í hópnum voru Sólveig Jakobsdóttir, dósent við KHÍ í fjarkennslufræði, Pia Ramhøj, rektor Hovedstadens sygeplejerskeuddannelse, Kaupmannahöfn, og Sigríður Snæbjörnsdóttir, hjúkrunarfræðingur og fyrrverandi hjúkrunarforstjóri við Sjúkrahús Reykjavíkur, en hún starfaði einnig sem ritari hópsins. Kostnaður var 1.660.000 kr.

Árið 2003.

Úttekt á rekstri og stjórnun Háskólans í Reykjavík. Úttektin var í höndum KPMG Ráðgjöf ehf. Kostnaður var 1.850.000 kr.

Úttekt á rekstri og stjórnun Viðskiptaháskólans á Bifröst. Úttektin var í höndum IMG Deloitte. Kostnaður var 2.000.000 kr.

Árið 2004.

Úttekt á Lagadeild Háskóla Íslands. Formaður matshópsins var Bjarni Benediktsson hdl. Aðrir sem sæti áttu í hópnum voru: Svali H. Björgvinsson, starfsmannastjóri hjá KB banka, Dermot Walsh, prófessor við Háskólann í Limerick, Írlandi, og Thomas Wilhelmsson, prófessor og aðstoðarrektror við Háskólann í Helsinki. Ritari hópsins var Unnar Hermannsson, sérfræðingur hjá KPMG Ráðgjöf ehf. Kostnaður var 2.823.480 kr.

Skrifstofa menntamála – Framhaldsskólastig.

Árið 2000.

Mat á starfi Menntaskólans á Ísafirði. Úttektina önnuðust Stefanía Arnórsdóttir verkefnisstjóri og Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor við Kennaraháskóla Íslands. Kostnaður var 655.000 kr.

Árið 2002.

Úttekt á Fjölbautaskóla Suðurlands. Úttektina önnuðust Stefanía Arnórsdóttir verkefnisstjóri og Haraldur Á. Hjaltason frá H2H Ráðgjöf ehf. Kostnaður var 622.000 kr.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla. Úttektirnar gerðu Háskólinn á Akureyri og KPMG Ráðgjöf ehf. Kostnaður var 3.895.670 kr.

Árið 2003.

Mat á UT-braut Fjölbautaskólans í Breiðholti. Úttektin var gerð af Salvöru Gissurar-dóttur, lektor við Kennaraháskóla Íslands, og Lovísu Kristjánsdóttur, Menntaskólanum við Hamrahlíð. Kostnaður var 500.000 kr.

Mat á forvarnarstarfi í framhaldsskólum: Skýrsla um framkvæmd og niðurstöður samnings menntamálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum. Úttektin var gerð af Ingibjörgu Þórhallsdóttur hjá Liðsinni. Kostnaður var 406.585 kr.

Úttekt á fjarkennslu við Fjölbautaskólann við Ármúla 2001–2003. Úttektina önnuðust Unnar Hermannsson, sérfræðingur hjá KPMG Ráðgjöf ehf., og Ásrún Matthíasdóttir, dósent við Kennaraháskóla Íslands. Kostnaður var 579.800 kr.

Úttekt á fjarkennslu við Verkmenntaskólann á Akureyri 2001–2003. Úttektina önnuðust Unnar Hermannsson, sérfræðingur hjá KPMG Ráðgjöf ehf., og Ásrún Matthíasdóttir, dósent við Kennaraháskóla Íslands. Kostnaður var 581.122 kr.

Snyrtiskóli Íslands – Úttekt fyrir menntamálaráðuneytið. Úttektina gerði Deloitte&Touche. Kostnaður var 897.533 kr.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla. Úttektirnar annaðist KPMG Ráðgjöf ehf. Kostnaður var 400.000 kr.

Fjármálasvið.

Árið 2003.

Rekstur framhaldsskóla 2002 – Sérúttekt á sjö skólum. Starfshópur með fulltrúum frá menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti var settur til að fara yfir rekstur framhaldsskóla vegna ársins 2002 og sérúttekt á sjö skólum. Ekki var sérgreindur kostnaður vegna þessa verkefnis þar sem verkið var unnið af starfsmönnum ráðuneytisins. Starfshópurinn skilaði skýrslu í júní 2003.

Vísindaskrifstofa.

Árið 2004.

Verið er að ljúka úttekt á rannsóknum við Háskóla Íslands á vegum menntamálaráðuneytisins. Fyrirhugað er að framkvæma reglubundnar úttektir á rannsóknum við háskólana í landinu.

Samgönguráðuneyti.

Eftirfarandi úttektir voru gerðar á stofnunum ráðuneytisins á tímabilinu 2000–2004:

Árið 2003 lét Vegagerðin gera úttekt á starfsemi sinni í tengslum við breytingar á skipulagi stofnunarinnar. Úttektina annaðist fyrirtækið IBM Business Consulting Services samkvæmt samningi. Hún var hluti af stærra verkefni sem fyrirtækið vann fyrir stofnunina og því er ekki unnt að tilgreina kostnað við hana sérstaklega.

Persónuvernd lét gera úttekt á Umferðastofu. Úttektina annaðist fyrirtækið Dómbær samkvæmt samningi við Persónuvernd. Boðað var til úttektar árið 2003 en hún framkvæmd 2004. Kostnaður var 642.420 kr.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Engar úttektir hafa farið fram á vegum sjávarútvegsráðuneytis á umræddu tímabili.

Umhverfisráðuneyti.

Í eftirfarandi yfirliti koma fram þær úttektir á starfsemi stofnana umhverfisráðuneytisins sem gerðar voru á tímabilinu 2000–2004, hverjir unnu að þeim og hvað var greitt fyrir þær.

Stofnun	Ár	Úttektaraðili	Kostnaður	Efni
Hollustuvernd ríkisins	2001	TGT-stofan	2.057.268	Stjórnsýsluúttekt
Náttúrufræðistofnun Íslands	2002	VA-arkitektar og Framkvæmdasýslan	1.907.486	Skýrsla um húsnæðismál og starfsemi NÍ
Náttúrufræðistofnun Íslands	2004	Ríkisendurskoðun	0	Stjórnsýsluúttekt
Veðurstofa Íslands	2003	Ríkisendurskoðun	0	Stjórnsýsluúttekt

Utanríkisráðuneyti.

Utanríkisráðuneytið lét árið 2003 fara fram úttekt á Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Úttektin var unnin af Hermanní Ingólfssyni og Jónasi H. Haralz. Kostnaður nam um 1.300.000 kr.

Ríkisendurskoðun.

Eftirfarandi er yfirlit um skýrslur og úttektir sem Ríkisendurskoðun hefur gert á liðnum árum á sviði stjórnsýsluendurskoðunar og hagsýslu ýmiss konar, ásamt upplýsingum um hver hafi óskað eftir skýrslunni eða átt hugmyndina að henni. Í yfirlitinu er hvorki að finna fræðsluefni, leiðbeiningar né skýrslur um fjárhagsendurskoðun ríkissjóðs eða framkvæmd fjárlaga.

	Skýrslubeiðandi
2000	
Greinargerð um áætlaða rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 2000	Ríkisendurskoðun
Rafræn viðskipti	Ríkisendurskoðun
Reynslusveitarfélög. Samningar við Akureyrarbæ	Ríkisendurskoðun
Sérfræðiþjónusta. Kaup ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónusta	Ríkisendurskoðun
Rammasamningar Ríkiskaupa	Ríkisendurskoðun
Áform – átaksverkefni. Stjórnsýsluendurskoðun	Ríkisendurskoðun
Umhverfisstefna í ríkisrekstri	Ríkisendurskoðun
2001	
Tölvukerfi í framhaldsskólum. Úttekt á upplýsingakerfum	Ríkisendurskoðun
Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins	Ríkisendurskoðun
Tollaframkvæmd. Stjórnsýsluendurskoðun	Ríkisendurskoðun
Hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði heilbrigðisstofnana	Margrét Frímansdóttir alþingismaður
Greiðslur opinberra aðila til lækna á árinu 2000	Heilbrigðisráðuneyti
Skattsvikamál. Ferli, fjöldi og afgreiðsla 1997–1999	Ríkisendurskoðun
Ferliverk á sjúkrahúsum 1999–2000	Heilbrigðisráðuneyti
Framkvæmdir á vegum Alþingis við Austurstræti 8–10	Forseti Alþingis
Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins. Greinargerð	Fjármálaráðuneyti
Fjárlagaferlið. Um útgjaldastýringu ríkisins	Ríkisendurskoðun
Samingur um hjúkrunarheimili að Sóltúni 2	Ögmundur Jónasson alþingismaður
Landhelgisgæsla Íslands. Stjórnsýsluendurskoðun árslok 2002	Ríkisendurskoðun
Náttúrufræðistofnun, rekstrar- og fjárhagsvandi	Ríkisendurskoðun
Starfsemi meðferðarheimilisins á Torfastöðum	Félagsmálaráðuneytið
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	Ríkisendurskoðun
Háskólamenntun. Námsframboð og nemendafjöldi	Ríkisendurskoðun
Viðbótarlaun	Ríkisendurskoðun
Ísland og Ospar. Umhverfisendurskoðun	Ríkisendurskoðun
Lyfjakostnaður	Ríkisendurskoðun
Launaþróun starfsmanna nokkurra heilbrigðisstofnana 2000–2002	Heilbrigðisráðuneytið
Dvalarheimilið Höfði, Akranesi	Dvalarheimilið Höfði
Rekstur og fjárhagsstaða árin 2000–2002	Heilbrigðisráðuneyti
2002	
Útboð á fjórðungshlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf.	Forsætisráðuneytið
„Fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu“. Stjórnsýsluúttekt á rekstri	Ríkisendurskoðun
Heilsugæslunnar í Reykjavík	
Samningur Tryggingarstofnar vegna sérfræðilækna 1998–2001	Ríkisendurskoðun

	Skýrslubeiðandi
Sólheimar í Grímsnesi	Ríkisendurskoðun
Sjúkraþjálfun. Stjórnsýsluendurskoðun á sjúkratryggingarsviði TR	Ríkisendurskoðun
Nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000	Ríkisendurskoðun
Frakkvæmd búvörulaga. Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða 1995–2000	Landbúnaðaráðuneyti
2003	
Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja árin 1998–2003	Þingflokkur VG
Sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík. Mat á árangri	Stjórnarnefnd LSH
Grunnskólakennarar. Fjöldi og menntun	Ríkisendurskoðun
Veðurstofa Íslands. Stjórnsýsluendurskoðun	Ríkisendurskoðun
Náðist árangur. Úttekt á árangursstjórnun í ríkisrekstri	Ríkisendurskoðun
Flugmálastjórn Íslands. Stjórnsýsluendurskoðun	Samgöngunefnd Alþingis og samgönguráðuneyti
Sólheimar í Grímsnesi 1996–1999	Ríkisendurskoðun
Tölvukerfi sýslumannsembættta. Úttekt á upplýsingakerfum	Ríkisendurskoðun
Kennitölur um umsvif og árangur. Stefnumiðað árangursmat í ríkisrekstri	Ríkisendurskoðun

Fylgiskjal.

Úttektir á ríkisstofnunum.

Stofnun/embætti	Úttekt	Úttektaraðili	Kostnaður
Forsætisráðuneyti			
<i>2002</i>			
Þjóðhagsstofnun	Tilfærsla verkefna Þjóðhagsstofnunar	Samstarfshópur skipaður af forsætisráðherra	Ekki sérgreindur
Forsætisráðuneyti – íslenska upplýsingasamfélagið	Framgangur verkefnisins	PWC Consulting	3.217.030
<i>2004</i>			
Stofnanir á sviði matvælarannsóknna	Samþætting eða sameining á matvælarannsóknnum	Starfshópur skipaður af forsætisráðherra	150.000
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti			
<i>2000</i>			
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	Ráðuneytið ásamt starfsmönnum ríkislögreglustjóra	Ótilgreindur
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	Stjórnunar	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
Útlendingastofnun	Stjórnunar og fjárhagsleg	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	Ótilgreindur
Sýslumannsembættin í Borgarnesi, Búðardal, Vík og Keflavík, á Stykkishólmi, Sauðárkróki, Höfn, Hvolsvelli og Selfossi	Hagkvæmnisúttekt	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur

Stofnun/embætti	Úttekt	Úttektaraðili	Kostnaður
2001			
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	Ráðuneytið ásamt starfsmönnum ríkislögreglustjóra	Ótilgreindur
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Athugun	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
Landhelgisgæslan	Stjórnunar og fjárhagsleg	Nefnd	Ótilgreindur
2002			
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	Fjárhagsleg	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	IBM Consulting ehf.	604.247
2003			
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	Athugun	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Stjórnunar og fjárhagsleg	Stjórnunarráðgjöf ehf.	484.750
Héraðsdómstólar	Fjárhagsleg	Jón Magnússon	323.700
2004			
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
Landhelgisgæslan	Stjórnunar og fjárhagsleg	Starfshópur skipaður af dómsmálaráðherra	1.915.772
Félagsmálaráðuneyti			
2004			
Svæðisskrifstofa fatlaðra í Reykjavík	Rekstur og starfsemi	Vinnuhópur skipaður af félagsmálaráðherra	2.000.000
Fjármálaráðuneyti			
2003			
Ríkisskattstjóri	Rekstrarkostnaður og greining verkefna	IMG Deloitte	1.705.650
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti			
2000			
Landlæknisembættið		PricewaterhouseCoopers	1.984.000
Heyrnar- og talmeinastöð		Ráðgarður hf.	124.000
2001			
Landlæknisembættið		PricewaterhouseCoopers	3.269.000
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja		Guðlaug Björnsdóttir viðskiptafræðingur	669.000
2002			
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja		Guðlaug Björnsdóttir viðskiptafræðingur	603.000
2004			
Sólvangur, Hafnarfirði		Pétur Jónsson viðskiptafræðingur	1.361.000
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti			
2001			
Orkustofnun	Skipulag yfirfarið	Nefnd skipuð af iðnaðarráðherra	55.000
2003			
Löggildingarstofa		Ágúst Þór Jónsson verkfræðingur og Tryggvi Axelsson forstjóri	715.000

Stofnun/embætti	Úttekt	Úttektaraðili	Kostnaður
<i>2004</i>			
Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins	Framtíðarfyrirkomulag tæknirannsóknna	Starfshópur skipaður af iðnaðar- og viðskiptaráðherra	Enginn kostnaður
Landbúnaðarráðuneyti			
<i>2000</i>			
Skógrækt ríkisins	Rekstur	Ólafur Friðriksson, landbúnaðarráðuneyti, og Jón Magnússon, fjármálaráðuneyti	Enginn beinn kostnaður
<i>2002</i>			
Hólaskóli	Skil á virðisaukaskatti og almenn fjárhagsmálefni	Ingimar Jóhannsson, landbúnaðarráðuneyti, Jón Magnússon, fjármálaráðuneyti, og Skúli Skúlason, Hólaskóla	Enginn beinn kostnaður
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	Breytt skipulag	PricewaterhouseCoopers	1.367.000
<i>2003</i>			
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	Rekstrarumhverfi	Jón Magnússon, fjármálaráðuneyti, Ingimar Jóhannson og Hákon Sigurgrímsson, landbúnaðarráðuneyti, og Magnús B. Jónsson, rektor LBH	Enginn beinn kostnaður
Menntamálaráðuneyti			
<i>2000</i>			
Stofnun Sigurðar Norðdals	Úttekt á íslenskukennslu	Guðmundur Hálfánarson, prófessor við HÍ, og Þorleifur Hauksson	473.376
Menntaskólinn á Ísafirði	Mat á starfsemi	Stefanía Anrórsdóttir verkefnisstjóri og Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor við KHÍ	655.000
<i>2001</i>			
Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri	Úttekt á hjúkrunarfræðimenntun	Hópur innlendra og erlendra sérfræðinga, formaður Carolyn F. Waltz, deildarforseti	1.660.000
<i>2002</i>			
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Úttekt á skólanum	Stefnía Arnórsdóttir, verkefnisstjóri og Haraldur Á. Hjaltason, H2H Ráðgjöf ehf.	622.000
Framhaldsskólar	Úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla	Háskólinn á Akureyri og KPMG Ráðgjöf ehf.	3.895.670
<i>2003</i>			
Háskólinn í Reykjavík	Úttekt á rekstri og stjórnun	KPMG Ráðgjöf ehf.	1.850.000
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	Úttekt á rekstri og stjórnun	IMG Deloitte	2.000.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Mat á UT-braut skólans	Salvör Gissurardóttir, lektor við KHÍ, og Lovísa Kristjánsdóttir, MH	500.000
Framhaldsskólar	Mat á forvarnarstarfi í framhaldsskólum	Ingibjörg Þórhallsdóttir, Liðsinni	406.585
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Úttekt á fjarkennslu við skólann 2001–2003	Unnar Hermannsson, KPMG Ráðgjöf ehf., og Ásrún Matthíasdóttir, dósent við KHÍ	579.800

Stofnun/embætti	Úttekt	Úttektaraðili	Kostnaður
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Úttekt á fjarkennslu við skólann 2001–2003	Unnar Hermannsson, KPMG Ráðgjöf ehf., og Ásrún Matthíasdóttir, dósent við KHÍ	581.122
Snyrtiskóli Íslands	Úttekt fyrir menntamálaráðuneytið	Deloitte&Touche	897.533
Framhaldsskólar	Úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla	KPMG Ráðgjöf ehf.	400.000
Framhaldsskólar	Rekstur framhaldsskóla 2002 – Sérúttekt á sjö skólum	Starfshópur skipaður fulltrúum menntamálarneytis og fjármálaráðuneytis	Ekki sérgreindur
<i>2004</i>			
Háskóli Íslands	Úttekt á Lagadeild HÍ	Hópur innlendra og erlendra sérfræðinga, formaður Bjarni Benediktsson hdl.	2.823.480
Háskóli Íslands	Úttekt á rannsóknum við HÍ		Ekki tilgreindur
Samgönguráðuneyti			
<i>2003</i>			
Vegagerðin	Úttekt á starfsemi í tengslum við skipulagsbreytingar	IBM Business Consulting Services	Ekki unnt að greina sérstaklega
<i>2004</i>			
Umferðarstofa		Dómbær samkvæmt samningi við Persónuvernd	642.420
Umhverfisráðuneyti			
<i>2001</i>			
Hollustuvernd ríkisins	Stjórnsýsluúttekt	TGT Stofan	2.057.268
<i>2002</i>			
Náttúrurfræðistofnun Íslands	Skýrsla um húsnæðismál og starfsemi NÍ	VA Arkitektar og Framkvæmdasýslan	1.907.486
Utanríkisráðuneyti			
<i>2003</i>			
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	Um þróunarsamvinnu Íslands	Hermann Ingólfsson og Jónas H. Haralz	1.300.000